

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	HTL 503 Kennsluáætlun Vorönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Borghildur Ína Sölvadóttir (BÍN), ina@vma.is
----------------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, ljós, skuggi og myndbygging auk annarra hugtaka sem tengjast skúlptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að tengja aðferðir textíla og þrívíða vinnu og að nemendur skoði hvernig koma má tvívíðum skissum í þrívítt form. Unnið verður með ýmis efni s.s., garn, ullarflóka, vír, léreft, pappír o.fl. Nemendur skulu halda utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setja fram með skipulögðum hætti. Auk þessa vinna nemendur rannsóknarverkefni í hópum sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum.

Markmiðið er að nemendur

- geti komið tvívíðri hugmynd yfir í þrívídd
- geti notað aðferðir textílvinnu og ýmsar gerðir efna við útfærslu ólíkra þrívíðra verka
- hafi gert tilraunir með þrívíð form
- hafi unnið rannsóknarvinnu sem nýtist í hugmyndavinnu þeirra

Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa möppu til að halda utan um skissur, minnispunkta, tilraunir, prufur og hugmyndavinnu. Auk möppunnar þurfa nemendur að hafa verkfæri til skissuvinnu s.s. mismunandi blýanta, penna, pensla, blek o.s.frv. Ef nemendur vilja nota eitthvað sértækt efni við útfærslu verka sinna þá þurfa þeir að skaffa það sjálfir. Athugið að myndavél er mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna og nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum í lok annar. Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur, -blöð og ljósmyndir.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	HTL 503 Kennsluáætlun Vorönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

VIKUR	LOTA	UMFJÖLLUNAREFNI
2 til 6	Lota 1	Þrívídd // Nemendur vinna ýmsar þrívíðar æfingar og setja þær í ýmis efni. Nemendur skoða möguleika textílefna til þrívíðrar vinnu.
7 til 10	Lota 2	Frístandandi // Nemendur vinna frístandandi skúlptúr.
11 til 14 (Páskafri í viku 13)	Lota 3	Myndbygging // Nemendur gera ýmsar æfingar og gera tilraunir með efni og framsetningu. Nemendur skoða möguleika textílefna við gerð hálf þrívíðra verka.
15 til 18	Lota 4	Á vegg // Nemendur vinna lágmynd.

Námsmat:

Vægi einstakra námsþátta:

Áfanginn er próflaus, símatsáfangi og þess vegna er 100% mætingar krafist af nemendum. Nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum, öllum skissum, minnsipunktum, tilraunum, prufum og hugmyndavinnu í möppu. Athugið að hafa frágang vandaðann og að mappan sé aðgengileg.	<i>Rannsóknarverkefni og greinargerðir</i>	10%
	<i>Verkefni úr lotu 1</i>	25%
	<i>Verkefni úr lotu 2</i>	20%
	<i>Verkefni úr lotu 3</i>	15%
	<i>Verkefni úr lotu 4</i>	20%
	<i>Skissubók</i>	5%
	<i>Mæting, umgengni og vinnusemi</i>	5%

Ath. Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótt verkefni nemenda í eitt ár án ábyrgðar. Síðan er þeim fargað.

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils